

1282. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 2. september 2025 kl. 12:00 í fjarfundi.

Mætt: Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Andrea Rut Pálsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Jennifer Schröder, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Karl. F. Thorarensen, Selma Björk Grétarsdóttir, Tómas Gabríel Benjamin, Þórir Hilmarsson, Birgitta Ragnarsdóttir varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Styrmir Jökull Einarsson og Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir.

Gestir fundarins: Björg Lilja Jónsdóttir og Fjóla Helgadóttir frá samskiptasviði VR.

Næsti fundur: 8. október 2025.

Dagskrá

1. Kynningarefni fyrir atkvæðagreiðslu um styrkjafyrirkomulag.

Fyrir fundinum lá skjalið „Minnisblað til stjórnar – Þinn styrkur, þitt val“ til kynningar.

Halla sagði samskiptasvið VR hafa unnið kynningarefni vegna komandi atkvæðagreiðslu um fyrirkomulag styrkveitinga félagsins til félagsfólks sem fyrirhugað er að hefjist í lok september. Kosið verður milli tveggja valkosta, VR varasjóðs og hefðbundins styrkjakerfis stéttarfélaga.

Björg Lilja Jónsdóttir, sérfræðingur á samskiptasviði, fór yfir birtingaplan og markaðsefni fyrir atkvæðagreiðsluna. Í máli hennar kom fram að atkvæðagreiðslan muni hefjast þann 29. september og ljúka á hádegi þann 20. október. Helstu upplýsingar um valkostina og atkvæðagreiðsluna sjálfa eru á vr.is. Fjallað verður um málið og auglýst á facebook síðum VR og instagram, auglýst verður á helstu vefmiðlum, fjallað verður um málið í VR blaðinu og plakat sent á helstu vinnustaði. Sama dag og atkvæðagreiðslan hefst er opnað fyrir kynningarsíður á vr.is.

Steinunn Böðvarsdóttir fór yfir umfjöllun á vef VR. Slagorð kynningarinnar er Þinn styrkur – þitt val. Á vefnum verður birtur samanburður valkostanna, ítarleg umfjöllun um hvorn kost og dæmi um styrkveitingar, spurt og svarað og síða með upplýsingum um sjálfa atkvæðagreiðsluna.

Umræður

Þrjár athugasemdir komu fram í umræðum sem samskiptasvið VR mun vinna úr.

2. Önnur mál

Engin önnur mál.



Fundi slitið kl. 12:20.

